



Samandreginn
árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2009

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Samandregið yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Landsnet hf. var stofnað í ágúst 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti á vormánuðum 2003. Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu, efnahagsreikningi, eiginfjáryfirliti, sjóðstreymisyfirliti auk upplýsinga um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu 167,4 millj. kr. Framsetning er í samræmi við endurbættan alþjóðlegan reikningskilastaðal IAS 1, um framsetningu ársreikninga, sem tók gildi 1. janúar 2009. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt í til samræmis. Breytingin hefur einungis áhrif á framsetningu og hreyfir ekki við kennitölunni hagnaður (tap) á hlut. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 7.442,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé í lok júní 2009 skiptist á fjóra hluthafa en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsvirkjun	64,73%
Rarik ohf.	22,51%
Orkuveita Reykjavíkur	6,78%
Orkubú Vestfjarða ohf.	5,98%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2009 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2009.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. ágúst 2009.

Stjórn félagsins:

Forstjóri:

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsnets hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Landsnets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009 sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á sama hátt og þegar um endurskoðun er að ræða.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2009 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 13. ágúst 2009.

KPMG hf.

Rekstrarreikningur tímabilsins

1. janúar til 30. júní 2009

	Skýr.	2009 1.1.-30.6.	2008 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur			
Tekjur af raforkuflutningi	6	6.490.322	4.791.969
Aðrar tekjur	7	29.399	44.483
		6.519.721	4.836.452
Rekstrargjöld			
Orkukaup og kerfisþjónusta		788.910	761.538
Rekstur flutningskerfis		1.537.491	1.332.785
Kerfisstjórn		298.124	266.210
Annar rekstrarkostnaður		410.643	399.303
		3.035.168	2.759.837
Rekstrarhagnaður		3.484.553	2.076.615
Fjármunatekjur		81.203	30.438
Fjármagnsgjöld		(3.371.439)	(7.325.396)
Hrein fjármagnsgjöld	10	(3.290.236)	(7.294.958)
Áhrif hlutdeildarfélags	13	2.568	1.940
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		196.885	(5.216.403)
Tekjuskattur	11	(29.533)	744.233
Hagnaður (tap) tímabilsins		167.352	(4.472.169)
Hagnaður (tap) á hlut			
Grunnhagn.og þynntur hagn. (tap) á hverja krónu hlutafj.	19	0,03	(0,76)

Skýringar nr. 1 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Samandregið yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2009

	Skýr.	2009	2008
		1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Hagnaður (tap) tímabilsins		167.352	(4.472.169)
Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé:			
Endurmat flutningskerfis		0	8.098.974
Tekjuskattur af endurmati flutningskerfis		0	(1.214.846)
Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé samtals		0	6.884.128
Heildarhagnaður tímabilsins		167.352	2.411.959

Skýringar nr. 1 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Efnahagsreikningur 30. júní 2009

Eignir	Skýr.	30.06.2009	31.12.2008
Fastafjármunir í rekstri	12	61.673.200	61.405.502
Flutningsvirki í byggingu	12	1.656.763	1.781.611
Óefnislegar eignir	12	1.350.675	1.716.814
Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum	13	43.964	48.832
Fastafjármunir		<u>64.724.602</u>	<u>64.952.759</u>
Birgðir	15	485.114	480.439
Afleiðusamningar	22	54.140	0
Kröfur á tengd félög		771.116	396.605
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16	810.282	853.021
Handbært fé	17	3.684.640	2.700.681
Veltufjármunir		<u>5.805.292</u>	<u>4.430.746</u>
Eignir samtals		<u><u>70.529.894</u></u>	<u><u>69.383.505</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.902.733	5.902.733
Endurmatsreikningur		14.435.235	14.743.274
Ójafnað tap		(12.895.851)	(13.371.242)
Eigið fé	18	<u>7.442.117</u>	<u>7.274.765</u>
Skuldir			
Skuldir við tengd félög	20	36.072.213	34.808.942
Skuldir við lánastofnanir	20	6.893.708	6.676.851
Afleiðusamningar	22	3.571.010	2.954.197
Tekjuskattsskuldbinding	14	248.945	219.412
Aðrar skuldbindingar	21	488.532	475.723
Langtímaskuldir og skuldbindingar		<u>47.274.408</u>	<u>45.135.125</u>
Skuldir við tengd félög		15.007.830	15.813.603
Afleiðusamningar	22	0	37.428
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	24	805.539	1.122.584
Skammtímaskuldir		<u>15.813.369</u>	<u>16.973.615</u>
Skuldir samtals		<u>63.087.777</u>	<u>62.108.740</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>70.529.894</u></u>	<u><u>69.383.505</u></u>

Skýringar nr. 1 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar 2008 til 30. júní 2009

	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Ójafnað tap	Samtals
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2008				
Eigið fé 1. janúar 2008.....	5.902.733	0	(916.179)	4.986.554
Endurmat flutningskerfis		8.098.974		8.098.974
Tekjuskattsáhrif af heildarendurmati.....		(1.214.846)		(1.214.846)
Tap tímabilsins.....			(4.472.169)	(4.472.169)
Heildarhagnaður ársins.....		6.884.128	(4.472.169)	2.411.959
Eigið fé 31. desember 2008.....	5.902.733	6.884.128	(5.388.348)	7.398.513
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2009:				
Eigið fé 1. janúar 2009.....	5.902.733	14.743.274	(13.371.242)	7.274.765
Hagnaður tímabilsins.....			167.352	167.352
Afskriftir af endurmati færðar á ójafnað tap.....		(308.039)	308.039	0
Heildarhagnaður tímabilsins.....		(308.039)	475.391	167.352
Eigið fé 30. júní 2009.....	5.902.733	14.435.235	(12.895.851)	7.442.117

Skýringar nr. 1 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árslutareiknings.

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2009

	Skýr.	2009 1.1.-30.6.	2008 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar			
Innborganir frá viðskiptavinum		6.500.512	4.881.792
Greiddur rekstrarkostnaður	(1.959.418)	(1.833.267)
Handbært fé frá rekstri án vaxta		4.541.094	3.048.525
Innborgaðar vaxtatekjur		81.203	30.438
Greidd vaxtagjöld og gengismunur	(1.713.236)	(1.274.791)
Handbært fé frá rekstri		2.909.061	1.804.172
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í flutningsvirkjum	12 (695.231)	(673.003)
Söluverð fastafjármuna í rekstri	12	0	700
Aðrar fjárfestingar	12 (237.567)	(435.668)
Ógreiddur framkvæmdakostnaður, lækkun	(319.720)	(249.120)
Fjárfestingahreyfingar		(1.252.518)	(1.357.091)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting	(630.550)	0
Fjármögnunarhreyfingar		(630.550)	0
Hækkun á handbæru fé		1.025.993	447.081
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(42.035)	143.115
Handbært fé í ársbyrjun		2.700.681	984.259
Handbært fé í lok tímabilsins		3.684.640	1.574.455

Skýringar nr. 1 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með starfstöðvar sínar á Íslandi og er félagið með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti á vormánuðum 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Landsnet hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa árshlutareikninginn í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2008. Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 13. ágúst 2009.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2008. Hægt er að nálgast ársreikninginn á heimsíðu félagsins www.landsnet.is.

Félagið beitir endurbættum *IAS 1 Framsetning ársreikninga (2007)*, sem tók gildi 1. janúar 2009. Félagið birtir í sérstöku yfirliti yfirlit um heildarafkomu, þar sem í yfirliti um heildarafkomu koma fram allar rekstrarhreyfingar sem færðar eru beint á eigið fé. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Breytingin hefur aðeins áhrif á framsetningu og hreyfir ekki kennitöluna hagnaður (tap) á hlut.

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar eru færðir á gangvirði og flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu virði.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

5. Starfsþáttayfirlit

Samkvæmt raforkulögum er félaginu einungis heimilt að annast flutning á raforku og kerfisstjórnun á Íslandi auk þess sem því er heimilt að starfrækja raforkumarkað. Félagið hefur ekki hafið starfrækslu raforkumarkaðar og lítur á núverandi starfsemi sem einn starfsþátt og því er ekki gert starfsþáttayfirlit.

Skýringar, frh.:

6. Rekstrartekjur

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:

	2009	2008
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Orkuflutningur	5.593.600	3.925.544
Flutningstap og kerfisþjónusta	859.434	830.953
Innmötunargjald	37.288	35.472
	<u>6.490.322</u>	<u>4.791.969</u>

7. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

Verksölu- og húsaleigutekjur	<u>29.399</u>	<u>44.483</u>
------------------------------------	---------------	---------------

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	388.754	362.509
Launatengd gjöld	106.686	93.745
	<u>495.440</u>	<u>456.254</u>

9. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 12. skýringu	1.119.339	843.158
Niðurfærsla og virðisrýrnun óefnislegra eigna, sbr. 12. skýringu	42.805	16.527
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.162.144</u>	<u>859.685</u>

Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:

Rekstur flutningskerfis	1.073.497	790.162
Kerfisstjórn	31.370	29.883
Annar rekstrarkostnaður	57.277	39.640
Afskriftir færðar í rekstrareikning	<u>1.162.144</u>	<u>859.685</u>

Skýringar, frh.:

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2009	2008
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Vaxtatekjur	81.203	30.438
Fjármunatekjur samtals	<u>81.203</u>	<u>30.438</u>
Vaxtagjöld og verðbætur	(2.095.471)	(2.862.533)
Gengismunur	(1.149.790)	(4.997.764)
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	(178.687)	436.793
Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu	52.509	98.108
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(3.371.439)</u>	<u>(7.325.396)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(3.290.236)	(7.294.958)

Fjármagnskostnaður vegna bygginga á flutningsvirkjum að fjárhæð 52,5 milljónir króna, er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum.

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 6,8% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu á tímabilinu.

11. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

	2009	2008
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins	(29.533)	744.233
Tekjufærður (gjaldfærður) tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>(29.533)</u>	<u>744.233</u>

Breyting reiknaðrar skatteignar/skattskuldbindingar greinist þannig:

Breyting á tímabundnum mismun	107.940	(1.364.258)
Breyting á yfirfæranlegu tapi	(137.473)	931.872
Skuldbinding vegna endurmats færð á eigið fé	0	1.214.846
Lækkun skatthlutfalls	0	(38.227)
Breyting reiknaðrar skatteignar/skattskuldbindingar færð í rekstrarreikningi	<u>(29.533)</u>	<u>744.233</u>

Afstemming á virku skatthlutfalli

	1.1.-30.6.2009	1.1.-30.6.2008
Hagnaður (tap) án tekjuskatts	<u>196.885</u>	<u>(5.216.403)</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	15,0% (29.533)	15,0% 782.460
Lækkun v/ breytinga á skatthlutfalli	0 (0,8%)	(38.227)
Virkur tekjuskattur	<u>15,0% (29.533)</u>	<u>14,2% 744.233</u>

Skýringar, frh.:

12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Fastafjármunir í rekstri:

	Tengivirki	Háspennu- línur og ljósleiðarar	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2008	16.012.836	28.252.885	2.318.532	46.584.253
Endurmat	3.325.806	16.126.990	0	19.452.796
Viðbætur á árinu	664.892	258.444	380.741	1.304.077
Selt og aflagt	0	0	(1.479)	(1.479)
Staða 31.12.2008 og 1.1.2009	20.003.534	44.638.319	2.697.794	67.339.647
Viðbætur á tímabilinu	157.129	54.998	212.319	424.446
Flutt af flutningsvirki í byggingu	0	963.971	0	963.971
Selt og aflagt	0	0	(1.380)	(1.380)
Staða 30.6.2009	20.160.663	45.657.288	2.908.733	68.726.684

Afskriftir og virðisrýrnun

Staða 1.1.2008	891.354	1.258.427	198.367	2.348.148
Endurmat	294.988	1.430.918	0	1.725.906
Afskriftir ársins	622.514	1.115.426	122.622	1.860.562
Selt og aflagt	0	0	(472)	(472)
Staða 31.12.2008 og 1.1.2009	1.808.856	3.804.771	320.517	5.934.144
Afskriftir tímabilsins	342.614	710.432	66.293	1.119.339
Staða 30.6.2009	2.151.470	4.515.203	386.810	7.053.483

Fastafjármunir í rekstri greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur og ljósleiðarar	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Bókfært verð				
1.1.2008	15.121.482	26.994.458	2.120.165	44.236.105
31.12.2008 og 1.1.2009	18.194.678	40.833.548	2.377.277	61.405.502
30.6.2009	18.009.193	41.142.085	2.521.923	61.673.200

Óefnislegar eignir og flutningsvirki í byggingu:

	Óefnislegar eignir	Flutn.virki í byggingu
Kostnaðarverð		
Staða 1.1.2008	577.535	1.506.006
Viðbætur á árinu	1.204.552	275.605
Staða 31.12.2008 og 1.1.2009	1.782.087	1.781.611
Viðbætur á tímabilinu	250.927	264.862
Flutt af óefnislegum eignum	0	574.262
Flutt af óefnislegum eignum/ mannvirki í byggingu	(574.262)	(963.971)
Staða 30.6.2009	1.458.752	1.656.763

Afskriftir og virðisrýrnun

Staða 1.1.2008	25.932	0
Niðurfærsla ársins	39.341	0
Staða 31.12.2008 og 1.1.2009	65.273	0
Niðurfærsla tímabilsins	42.805	0
Staða 30.6.2009	108.078	0

Skýringar, frh.:

12. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Óefnislegar eignir	Flutn.virki í byggingu
Bókfært verð		
1.1.2008	551.603	1.506.006
31.12.2008 og 1.1.2009	1.716.814	1.781.611
30.6.2009	1.350.675	1.656.763

Bókfært verð óefnislegra eigna í lok júní 2009 skiptist þannig að hugbúnaður er bókfærður á 239 millj. kr. og eignfærður undirbúningskostnaður er bókfærður á 1.112 millj. kr.

13. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	30.6.2009		31.12.2008	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Landsnet ehf.	100,00%	500	100,00%	500
Netorka ehf.	37,18%	43.464	37,18%	48.332
Eignarhlutir í félögum samtals		43.964		48.832

Eignarhlutur félagsins í Landsneti ehf. er færður á kostnaðarverði þar sem engin rekstur hefur verið í félaginu frá stofnun.

14. Reiknuð skatteign/tekjuskattskuldbinding

Reiknuð skatteign/tekjuskattskuldbinding félagsins greinist þannig:	30.6.2009	31.12.2008
Reiknuð skatteign/skuldbinding 1. janúar	(219.412)	229.363
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins	(29.533)	2.210.258
Endurmat flutningskerfis	0	(2.659.033)
Reiknuð skattskuldbinding í lok tímabilsins	(248.945)	(219.412)

Reiknuð tekjuskattskuldbinding greinist þannig í lok tímabilsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(2.551.874)	(2.606.646)
Óefnislegar eignir	(56.259)	(57.206)
Eignarhlutir í félögum	(660)	(275)
Aðrar skuldbindingar	(5.600)	(38.233)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	2.365.448	2.482.948
Reiknuð tekjuskattskuldbinding í lok tímabilsins	(248.945)	(219.412)

15. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	30.6.2009	31.12.2008
Varahlutir og efnisbirgðir	485.114	480.439
	485.114	480.439

Skýringar, frh.:

16. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur:	30.6.2009	31.12.2008
Viðskiptakröfur	600.962	833.572
Aðrar skammtímakröfur	209.320	19.449
	<u>810.282</u>	<u>853.021</u>

17. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	30.6.2009	31.12.2008
Óbundnar innstæður	3.684.640	2.700.681

18. Eigið fé

Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.903 millj. kr. í lok tímabilsins. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkun fastafjármuna félagsins að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar af endurmatsreikningi á ójafnað tap.

19. Hagnaður (tap) á hlut

Grunnhagnaður(tap) og þynntur hagnaður (tap) á hlut:	30.6.2009	30.6.2008
Hagnaður (tap) til hluthafa	167.352	(4.472.169)

Vegið meðaltal hlutabréfa

Hlutir 1. janúar	5.902.733	5.902.733
Vegið meðaltal útistandandi hluta í lok tímabils	<u>5.902.733</u>	<u>5.902.733</u>
Grunnhagnaður (tap) og þynntur hagnaður (tap) á hlut	0,03	(0,76)

20. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Langtímaskuldir

Verðtryggt skuldabréfalán frá móðurfélagi í íslenskum krónum, fastir vextir 4,21%	36.072.213	34.808.942
Lánasamningur í svissneskum frönkum (CHF), Libor + álag	6.893.708	6.676.851
	<u>42.965.921</u>	<u>41.485.793</u>

Skuldabréfalánið er verðtryggt kúlulán með lokagjalddaga árið 2020 og vaxtagjalddaga einu sinni á ári. Lánasamningur er í svissneskum frönkum og hvert vaxtatímabil 6 mánuðir.

Skammtímaskuldir

Skammtímalán frá móðurfélagi	14.525.020	14.606.470
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	<u>14.525.020</u>	<u>14.606.470</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals	57.490.941	56.092.263

Skýringar, frh.:

20. Vaxtaberandi skuldir, frh.:

Afborganir greinast þannig á næstu ár:	30.6.2009	31.12.2008
Árið 2012	344.685	333.843
Árið 2013	689.371	667.685
Síðar	41.931.865	40.484.265
	<u>42.965.921</u>	<u>41.485.793</u>

21. Skuldbinding vegna niðurrifs

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:

	30.6.2009	31.12.2008
Staða 1.1.	475.722	447.154
Núvirðing tímabilsins	12.810	28.568
Staða í lok tímabilsins	<u>488.532</u>	<u>475.723</u>

Í samræmi við staðal IAS 16 skal stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn og síðan núvirtur byggt á forsendum um endingartíma. Á móti hefur verið færð upp skuldbinding meðal langtímaskulda. Í gegnum rekstrarreikning er færð til gjalda hækkun á skuldbindingunni vegna núvirðingar auk afskrifta á niðurrifskostnaði.

22. Afleiðusamningar

Félagið er með afleiðusamning við Kaupþing banka hf., sem var yfirtekin af skilanevnd í október 2008. Samkvæmt 1. tl. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf., dags. 21. október 2008, flytjast réttindi og skyldur samkvæmt afleiðusamningum ekki yfir til Nýja Kaupþings banka hf. Samningurinn er því enn við Kaupþing banka hf., en vegna stöðu bankans telur félagið óvissu um skuldbindingargildi samningsins. Um er að ræða fimm ára samning sem felur í sér skipti á verðtryggðum íslenskum krónum annars vegar og dollurum á lokatímabili samningsins hins vegar auk vaxta sem falla til á samningstímabilinu. Samningurinn gildir frá lokum nóvember 2007 til marsmánaðar 2013. Kaupþing banki hf. greiðir verðtryggðar krónur og Landsnet greiðir USD. Töluverð óvissa er um hvort bankinn geti uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar í samræmi við samninginn sem bæði gæti haft áhrif á flokkun hans meðal skulda og fjárhæð skuldarinnar. Ekki fóru fram greiðslur í samræmi við ákvæði samningsins sem voru á gjalddaga í mars og því er óvissa um skuldbindingar félagsins samkvæmt samningnum og endanlegt uppgjör hans. Þrátt fyrir framangreinda óvissu er samningurinn færður til skuldar á gangvirði í lok tímabilsins í samræmi við skilmála og eru eftirstöðvar sem eru á gjalddaga eftir 31. mars 2010 færðar meðal langtímaskulda en samningsbundin greiðsla 2009 sem ekki fór fram er færð meðal annarra skammtímakrafna. Félagið er að skoða réttarstöðu sína, þ.m.t. greiðsluskyldu sína samkvæmt samningnum.

23. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins reiknar í lok hvers árs þá áföllnu lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári. Tryggingafræðilegt mat miðast við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%.

24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2009	31.12.2008
Viðskiptaskuldir	660.673	941.144
Aðrar skammtímaskuldir	144.866	181.440
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>805.539</u>	<u>1.122.584</u>

Skýringar, frh.:

25. Fjármálagerningar

Lausafjárahætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

30. júní 2009	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan ársins	1-2 ár	2-5 ár	Eftir 5 ár
Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við tengd félög	51.080.043	67.454.195	14.676.941	1.518.640	4.555.921	46.702.693
Langtímask.	6.893.708	7.395.900	30.987	60.642	1.211.908	6.092.363
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	805.539	805.539	805.539	0	0	0
	<u>58.779.290</u>	<u>75.655.634</u>	<u>15.513.467</u>	<u>1.579.282</u>	<u>5.767.829</u>	<u>52.795.056</u>

Fjárskuldir sem eru afleiður:

Gjaldmiðla - og vaxtaskipta-samningar	3.516.871	3.061.199	0	(258.387)	3.319.586	0
	<u>3.516.871</u>	<u>3.061.199</u>	<u>0</u>	<u>(258.387)</u>	<u>3.319.586</u>	<u>0</u>

31. desember 2008

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan ársins	1-2 ár	2-5 ár	Eftir 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við tengd félög	50.622.545	56.264.682	17.323.450	3.019.694	4.529.541	31.391.997
Langtímask.	6.676.851	9.503.651	155.119	94.052	1.028.167	8.226.312
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	1.122.585	1.122.585	1.122.585	0	0	0
	<u>58.421.981</u>	<u>66.890.918</u>	<u>18.601.154</u>	<u>3.113.746</u>	<u>5.557.708</u>	<u>39.618.309</u>

Fjárskuldir sem eru afleiður:

Gjaldmiðla - og vaxtaskipta-samningar	2.991.625	2.779.109	(159.359)	(483.426)	3.421.894	0
	<u>2.991.625</u>	<u>2.779.109</u>	<u>(159.359)</u>	<u>(483.426)</u>	<u>3.421.894</u>	<u>0</u>

26. Rekstrarleiga

Félagið sem leigutaki

Félagið er með á leigu hluta af flutningsvirkjum innlendra orkufyrirtækja. Leigusamningarnir eru ótímasettir og er útreikningur leiguverðs undir eftirliti Orkustofnunar.

27. Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 12. gr. raforkulaga 2006 nr. 65 ber félaginu að taka tillit til þess ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfið valdi auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins og með sama hætti taka tillit til þess ef tenging hefur í för með sér hagkvæmari uppbyggingu eða nýtingu flutningskerfisins. Í lok árs 2007 tók félagið í notkun Fljótdalslínu 3 og 4 og tilheyrandi tengivirki. Ekki hefur farið fram uppgjör vegna viðkomandi stórnotanda en félagið þarf að greiða svokallað kerfisframlag þar sem umrædd flutningsvirki munu leiða til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar flutningskerfisins. Í lok júní liggur ekki fyrir um hve háa fjárhæð er að ræða en áætluð fjárhæð vegna tímabilsins hefur verið færð í árshlutareikninginn.

28. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Móðurfélag, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

29. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

	1.1.-30.6.2009	1.1.-30.6.2008
Rekstur:		
EBITDA	4.646.698	2.936.300
Efnahagur:	30.6.2009	31.12.2008
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,37	0,26
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	10,6%	10,5%
Arðsemi eigin fjár	0,6%	(107,7%)